

AUGLÝSING**um útlvarpsgjald.**

Útlvarpsgjald hefur verið ákveðið kr. 1 525,00 fyrir fyrsta ársfjórðung árs 1986. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Menntamálaráðuneytið, 20. desember 1985.

F.h.r.

Knútur Hallsson.

Pórunn Hafstein.

17. desember 1985

Nr. 460

REGLUGERÐ**um dómsmálagjöld o. fl.**

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir hérðasdómi:	kr.
1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	60,00
2. Gjald fyrir þingfestingu	450,00
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	90,00
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	150,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	150,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	120,00
7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	540,00
8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	1 100,00
 B. Fyrir Hæstarétti:	
1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	90,00
2. Gjald fyrir þingfestingu	720,00
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	150,00
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	190,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	190,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	150,00
7. Útlvistargjald	720,00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum un innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.